



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Sigtún 42, 105 Reykjavík  
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835  
Símar: +3545677111/ +3548599711  
Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)  
Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/433*  
*komudagur 28.11.2013*

## **Efni: Umsögn um mál nr. 10. Þingsályktun um byggingu nýs landsspítala.**

Landssamband eldri borgara tekur heilshugar undir að taka þarf sem fyrst ákvörðun um byggingu nýs landsspítala. Mikil umræða er í þjóðfélaginu um stöðu mála á Landsspítalanum og ein orsök þess ástands er að húsnæðið við Hringbraut er barn síns tíma og með öllu óviðunandi. Þar er ekki aðstaða fyrir mörg nýjustu tæki sem nauðsynleg eru talin í dag í þjónustu við sjúklinga.

Auk þess er spítalinn með starfsemi á mörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu sem hlýtur að gera allt starf erfitt bæði fyrir starfsfólk og sjúklinga. Þá ber líka að taka tillit til þess að ungir lækningar hafa ekki áhuga á að starfa við þær aðstæður sem landsspítalinn býður upp á og því er læknskortur að verða viðvarandi.

Ein helsta ástæða þess að lækningar fást ekki til starfa er húsnæði og tækjakostur. Því leggjum við á það ríka áherslu að stjórnvöld finni leið til þess að fjármagna byggingu nýs landsspítala sem allra fyrst. Hvað varðar fjármögnunarleið til byggingar nýjum landsspítala þá tókum við ekki afstöðu til þess máls, og teljum okkur ekki hafa möguleika til þess að leggja neitt til í þeim efnum.

Þá viljum við jafnframt eindregið benda á það, að meðan ekki er gert ráð fyrir byggingu nýs landsspítala, þarf að endurskoða þær aðgerðir sem fólust í því að færa ýmsa starfsemi frá sjúkrahúsum á landsbyggðinni til landsspítalans í Reykjavík s.s. fæðingar og ýmsar skurðaðgerðir.

Við teljum að það hafi verið vanhugsað og fari best á því að slík starfsemi sé í heimabyggð, ekki síst þar sem núverandi húsnæði, og starfsfólk landsspítala annar engan veginn að taka við því. Sem dæmi má nefna að í sjúkrahúsunum í Reykjanesbæ, Akranesi og Selfossi eru vel búnar en vannýttar skurðstofur sem gætu létt álagi af landsspítalanum.

Reykjavík 27. nóv. 2013

F.h. stjórnar Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður